

SVAR

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Óskar Þór Þráinsson, skrifstofustjóri upplýsinga- og skjalastýringar

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um skjalareglur og rafræn skil gagna frá Reykjavíkurborg til Þjóðskjalasafns

Á fundi borgarráðs þann 7. nóvember 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sbr. 36. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Óskað er eftir upplýsingum um skjalareglur og rafræn skil gagna frá Reykjavíkurborg til Þjóðskjalasafns og hvort munur sé á kröfum borgarskjalasafns og Þjóðskjalasafn um hvernig eigi að skila gögnum og gagnagrunnum til varðveislu. Hvaða tölvukerfi borgarinnar uppfylla ekki kröfur Þjóðskjalasafns um rafræn skil ef einhver? Hvað mun kosta að umbreyta kerfunum á þann hátt að þau standist kröfur Þjóðskjalasafns?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 9. desember 2024


Svar:

Enginn munur er á lögformlegum kröfum vegna rafrænna skila afhendingaskyldra rafrænna gagna á milli Borgarskjalasafns og Þjóðskjalasafns Íslands (ÞÍ), þar sem sömu lög og reglur gilda um afhendingaskylda aðila óháð þeim stað sem skilað er til.

Tölvukerfi borgarinnar eru fjölmörg og aðeins hluti þeirra fellur undir varðveisluskyldu og mun enda í rafrænum skilum. Þróun rafrænna skila í stað pappírsafhendinga er hröð, meðal annars vegna breytinga á lögum um opinber skjalasöfn og tilmæla þjóðskjalavarðar um afhendingu gagna á því formi sem þau verða til. Gert er ráð fyrir að rafræn skil muni þróast áfram á næstu árum, samhliða bættri skjalastjórn Reykjavíkurborgar sem mun skýra betur hvaða kerfi og rafræn gögn þarfnast langtímavarðveislu á rafrænu formi með afhendingu til ÞÍ. Kostnaður við rafræn skil mun endurspeglast í fjárhagsáætlunum næstu ára, eftir því sem afhendingaverkefni verða framkvæmd. Fyrstu rafrænu skil Reykjavíkurborg til ÞÍ eru áætluð veturinn 2025-2026.

Kostnaður við að aðlaga kerfi að kröfum Þjóðskjalasafns fer eftir umfangi, gerð og virkni hvers kerfis, ásamt því hvaða gögn úr því eru afhendingarskyld. Sé kerfi er keypt af þriðja aðila þarf að óska eftir gerð vörsluútgáfu, sem fellur undir kostnað afhendingarskylda aðilans. Ef kerfið er í eigu borgarinnar og rekið innan hennar þarf þjónustuaðili að framkvæma nauðsynlegar breytingar og afhenda vörsluútgáfu. Í báðum tilfellum ber afhendingarskyldur aðili kostnaðinn.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,



Óskar Þór Þráinsson,
skrifstofustjóri upplýsinga- og skjalastýringar